

Janúar 2013

Fjölbautaskóli Norðurlands vestra

Gagnvirkar töflur í kennslu
Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

2010 - 2012

Nafn skóla: Fjölbautaskóli Norðurlands vestra

Nafn verkefnisins: Gagnvirkar töflur í kennslu

Nafn verkefnisstjóra: Kristján Bjarni Halldórsson

Verkefnið hlaut styrk: árið 2010

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn: Markmið verkefnisins er að bæta kennslu í Fjölbautaskóla Norðurlands vestra með þjálfun í notkun gagnvirkra taflna (interactive whiteboards).

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:

Til að ná markmiðum verkefnisins var eftirfarandi gert: a) Kennurum voru kynntir möguleikar á notkun gagnvirkra taflna með fyrilestrum og sýnidæmum. b) Unnin voru drög að handbók um notkun gagnvirkra taflna c) unnin voru verkefni sem sýndu notkun gagnvirkra taflna við gerð kennslumynda d) fullunnin voru sýnidæmi um hvernig nota má gagnvirkar töflur til kennslu og hafa þau verið birt kennurum e) kennrar fengu þjálfun í notkun gagnvirkra taflna.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins: Verkefnið vék ekki langt frá áætlun, en þó fór meiri tími verkefnisstjóra í gerð sýnidæma og fyrirlestra en áætlað var. Jafnframt var mat verkefnisins í höndum hans. Þá hefur verkefnið teygt anga sína út fyrir skólann og til fleiri kennara og nemenda, því sýnidæmi hafa verið birt á Youtube og auglýst meðal skólameistara, framhaldsskólakennara og í Háskóla Íslands.

Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins: Það skortir svigrúm í skólum til að vinna að þróunarverkefnum þar sem unnið er í hópum. Erfitt er að fá fólk til að funda því stundatöflur rekast á. Ef vikulegur fundartími er notaður í kennaráfund, deildarfund eða annað slíkt þá þrengir að í tíma.

Helsti ávinnungur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu:

Jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar verkefnisins: Við vinnu verkefnisins kvíknuðu hugmyndir verkefnisstjóra um að setja upp vefsíðu til að hjálpa framhaldsskólanemendum í stærðfræði. Afurðin varð vefsíðan www.example.is sem hefur hlotið góðar viðtökur. Á síðunni eru sýnidæmi í stærðfræði.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn: Verkefnið hefur haft áhrif á skólastarfið í heild. Áhrifin hafa m.a. komið fram í aukinni notkun á gagnvirkum töflum. Í skriflegri könnun meðal kennara kom fram ánægja með námskeið en einnig kom fram að þeir hefðu kosið meiri tíma til að vinna verkefni á eigin spýtur.

Niðurstöður verkefnisins: Helstu niðurstöður verkefnisins er að aukin þjálfun og vitneskja fékkst um notkun gagnvirkra tafla í kennslu. Því má segja að markmið hafi náðst. Tækninni fleygir hratt fram og kennrar og stjórnendur bera ábyrgð á því að vera í takt við tímann. Við erum að búa nemendur undir framtíðina og til þess duga ekki 40 ára gömul tækni. Því miður eru Íslendingar eftirbátar annarra þjóða í að nota gagnvirkar töflur í kennslu, ekki síst í notkun tækni til kennslu. Við framkvæmd verkefnisins kom fram að hugbúnaður taflanna, Promethean, býður upp á margt. Ekki síst býður hugbúnaðurinn upp á skemmtilega myndræna framsetningu, sem geturu nýst mjög vel við gerð námsefnis. Kostur við gerð námsefnis með gagnvirkum töflum er einnig sú gagnvirkni taflanna sem gefur kost á þátttöku nemenda og því að draga úr "front end teaching".

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum:

Unnið er að stuttri grein til birtingar í Skólavörðunni þar sem jákvæður afrakstur og atriði sem fylgdu í kjölfarið verða kynnt.

20/1 '13
KRÍSTJÁN H.

Dagsetning, verkefnisstjóri

21/3 2013 TAT 620f (00000000)

Dagsetning skólameistari

